

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Forsætisnefnd

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### *Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda viðburða*

Á fundi forsætisnefndar 13. desember 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins spyr hvort móttökum/viðburðum á vegum borgarinnar hafi fækkað undanfarið ár. Svo virðist að mun sjaldnar sé nú boðið til móttöku en gert var fyrstu vikur þessa kjörtímabils. Óskað er eftir að fá tölur um fjölda viðburða/móttökur á vegum eða í tengslum við Reykjavíkurborg þar sem borgin ber einhvern kostnað t.d. veitingakostnað. Óskað er upplýsinga um júní til desember 2018, jan. til júní 2019 og júní til des. 2019.

Með bréfi dagsettu 16. nóvember 2019 var tillagan send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Fjöldi opinberra móttaka Reykjavíkurborgar er eftirfarandi: 29 móttökur frá 1. júní til 31. desember 2018, 21 móttaka frá 1. janúar til 31. maí 2019 og 20 móttökur frá 1. júní til 31. desember 2019.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Dagný Ingadóttir